

# Fundargerð 2005-13 --- 6. september

**Dagsetning:**

Tue, 06/09/2005

## Stjórnarfundur SÍSL

**Haldinn í Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi 6. september 2005.**

**Viðstödd voru Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga Björg Arnardóttir og Heiðrún Hámundardóttir.**

1. Lúðrasveit Æskunnar. Búið er að fá Vetrargarðinn í Smáralind til þess að halda tónleika Lúðrasveitar Æskunnar og Jagúar.
2. Landsmót. Farið var yfir skráningar fyrir Landsmótið. Dagskrá mótsins skoðuð ásamt Heiðrúnu, með tilliti til rútuferða, matarmála, staðsetningu hópanna, skipulagningu varðandi upplýsingaflæði og heimasíðu mótsins. Spilastaðir fyrir C/D sveitir verða við Sundlaugina, Safnagerði, Akratorg, Húsasmiðju, Shell og fyrir framan Ráðhúsið. Rætt var um hugsanleg €æPlan B€□ og €æPlan C€□ og var ákveðið að kanna möguleika á því að Vörubílssvið verði sett upp þar sem bönd gætu spilað eða að C/D sveitum yrði skellt í æfingabúðir líkt og yngri sveitum.
3. Heimasíðan. Allar upplýsingar um mótið verður að finna á netinu undir [www.sisl.is](http://www.sisl.is). Upplýsingarnar sem þar verða eru : dagskrá mótsins, myndir, símanúmer og aðrar upplýsingar. Síða landsmótsins verður gerð og haldið uppi af Skagafólki en verður undirsíða af [www.sisl.is](http://www.sisl.is) Hún verður uppfærð stöðugt á meðan á mótinu stendur.
4. Matarmál. Leitað hefur verið tilboða í matinn. Enn ekki komin niðurstaða vegna framkvæmdar á morgunmatnum. Spurning um að panta bara sjálf morgunmat eða að láta foreldrafélagið sjá um morgunmatinn.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.